

## Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.

Frá 3. minni hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin kynnti sér vel ólík málefnasvið sem heyra undir nefndina, m.a. með því að taka á móti ráðherrum viðkomandi málaflokka og fulltrúum stofnana og samtaka. Í umsögnum og álitum flestra gesta komu fram áhyggjur af því að of lítið fjármagn væri veitt til einstakra stofnana eða málaflokka.

Í umsögninni mun verða minnst á nokkra þá helstu – því ekki gefst ráðrúm né tími til að fara nákvæmlega ofan í alla. Það er vegna tímaskorts en einnig vegna þess að í markmiðum einstakra ráðuneyta innan fjármálaáætlunarinnar skortir verulega á að sett séu töluleg markmið og því er erfitt að meta raunverulega aukningu eða skort á fjármagni til að framkvæma þau markmið sem sett eru fram í sömu áætlun.

### Málefnasvið 7 - Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.

Ekki er fyrirhugað að auka verulega í nýsköpun og/eða rannsóknir á næstu árum þó að allir séu sammála um nauðsyn þess að auka enn frekar nýsköpun í atvinnumálum þjóðarinnar. Stækka þarf hlut alþjóðageirans og fjölga betur launudum störfum sem krefjast menntunar. Svo virðist sem núverandi ríkisstjórn sé ánægð með þá verulegu aukningu sem síðasta ríkisstjórn undir stjórn Framsóknarflokksins setti inn í málefnasviðið og ætli sér fyrst og fremst að halda sjó. Þá kom fram að forsætisráðherra er ekki lengur í forsæti Vísinda- og tækniráðs og því vaknar sú spurning hvort núverandi ríkisstjórn með þeirri breytingu, ásamt því að auka ekki að neinu ráði fjármagn til nýsköpunar í heil 5 ár leggi minni áherslu á þetta mikilvæga svið.

### Málefnasvið 12 – Landbúnaður.

Ýmis markmið eru reifuð í áætluninni en ekki sett töluleg markmið nema um fá þeirra. Það vekur til að mynda athygli að þrátt fyrir nýlega skýrslu um starfsemi Matvælastofnunar eru ekki sett fram nein markmið um hvernig skuli brugðist við augljóstri fjárbörf og auknum mannafla til að stofnunin geti staðið undir þeim verkefnum sem hún á að sinna.

### Málefnasvið 13 - Sjávarútvegur og fiskeldi.

Það sama má segja um málefnasvið 13 og um landbúnað að ekki liggja fyrir töluleg markmið heldur er gjarnan talað um að verkefnið verði fjármagnað innan ramma. Í ljósi þess að um 2% aðhald á að vera á ári er augljóst að ekki verði um verulega aukningu að ræða milli ára heldur þvert á móti minna fjármagn. Spyrja má hvernig eigi að auka rannsóknir Hafrannsóknastofnunar eða byggja upp stoðkerfi í kringum fiskeldið. Lítið virðist um svör við því. Samkvæmt þessari 5 ára áætlun eru engin plön um nýtt hafrannsóknaskip.

### Málefnasvið 14 – Ferðaþjónusta.

Segja má að ein helsta breytingin sem á að gera innan fjármálaáætlunar sé að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna. Sú breyting er gerð án nokkurs samráðs við greinina og án þess að fyrir liggja greiningar á áhrifum á greinina í heild, einstök fyrirtæki eða landshluta. Mikill fjöldi umsagna hefur borist þar sem þessum gerræðislegu vinnubrögðum er mótmælt. 3. minni hluti tekur undir þá gagnrýni. Vissulega er æskilegt að hafa áhrif á þenslu, ekki síst ferðaþjónustunnar, og áhrif á

styrkingu íslensku krónunnar. Að mati 3. minni hluta eru hins vegar til betri leiðir og má benda á að skynsamlegra væri að taka upp komu- eða brottfarargjald sem gæti skilað svipuðum tekjum og fyrirhuguð hækkun á virðisaukaskatti á að skila nettó eða 4-5 milljörðum kr. án þess að gjaldið yrði of hátt. Slíkt gjald má nota til að hafa áhrif á komur ferðamanna og lendingarstaði með því að hafa það mishátt milli árstíma og lendingarstaða. Við viljum einnig leggja til breytingu á gistináttaskatti, sem við leggjum til að yrði hlutfallslegt, t.d. á bilinu 3-5% og rynni að stórum hluta til sveitarfélaganna. Tímaplan þessara álagninga og útfærslan yrði að ræða við atvinnugreinina og sveitarfélögin. Satt best að segja virðist ríkisstjórnin með þessari fjármálaáætlun fyrst og fremst vera að sækja sér pening til að standa undir öðrum útgjöldum án þess að horfa heildstætt á áhrifin.

### **Málefna svið 15 – Orkumál.**

Erfitt er að sjá hvernig ríkisvaldið hyggst koma að því að tryggja orkuöryggi á öllu landinu, m.a. til að uppfylla aðrar áætlanir eins og aðgerðaráætlun um orkuskipti (146. mál). Hvað þá það verkefni að flýta þrífösun rafmagns (en því á að vera lokið 2034, miðað við núverandi áform) sem er þó ákaflega mikilvægt til að hægt sé að stunda nútímalegan atvinnurekstur á öllu landinu þar sem öll tæki byggjast á þrífösun. Einnig má nefna áhugavert verkefni um að koma að því að auka hlut varmadælna eða hitaveitna í því skyni að lækka orkukostnað á köldum svæðum og/eða minnka notkun dísilrafstöðva.

### **Málefna svið 16 – Markaðseftirlit og neytendamál.**

Um þetta svið má segja að áform stjórnvalda eru óljós – enda hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið nýlega tekið við neytendamálum. 3. minni hluti telur þau svið sem heyra undir atvinnuveganefnd séu ekki nægilega fjármögnuð í 5 ára áætluninni. Sumt er verulega illa ígrundað, eins og hækkun virðisaukaskatta á ferðaþjónustuna og í raun verulega ámælisvert að hvorki hafi verið haft nokkurt samráð við greinina né gætt að áhrifum breytinganna á ólík fyrirtæki og/eða eftir landshlutum. Ekki er nægilega gætt að framtíðarþörf á útgjöldum eins og til Matvælastofnunar eða til nýsköpunar þrátt fyrir nýlegar skýrslur þar að lútandi.

Fram hefur komið að ofan í mjög stífan ramma fjármálastefnu til næstu 5 ára skuli vera 2% aðhald á ári á einstaka málaflokkum að heilbrigðis- og öldrunarmálum undanskildum en þar er krafan 0,5%. Það mun að óbreyttu gera einstökum ráðuneytum enn erfiðara að bregðast við „innan ramma“ eins og svo oft er nefnt í texta fjármálaáætlunar. Það verður t.d. ekki séð hvernig atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hyggst bregðast við vanda Matvælastofnunar eða flýta þrífösun rafmagns svo tvö einstök verkefni séu nefnd.

Að mati 3. minni hluta hefur í fjármálastefnunni verið gengið of langt í að greiða of hratt niður skuldir, að ramminn sé of stífur og að 2% aðhaldskrafa muni samanlagt þýða að nauðsynlegar framkvæmdir við innviði muni enn dragast samfélaginu til tjóns.

Það skiptir augljóslega miklu máli að gera sér ljóst að við lifum á þenslutímum og getum því ekki gefið í á öllum sviðum. En að mati 3. minni hluta væri mjög skynsamlegt nú ráðast í fjárfestingar sem skila síðar arði, ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem ekki er sama þensla og á höfuðborgarsvæðinu, og einnig að velja verkefni sem hafa minni þensluáhrif.

3. minni hluti telur því nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á fjármálaáætluninni ellegar að greiða atkvæði gegn henni.

Alþingi, 8. maí 2017

Sigurður Ingi Jóhannsson